Innflutningur – Hundar og kettir

Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
Byrjun		
1.Umsókn	Málakerfi	1. Umsækjandi fyllir út rafræna umsókn um innflutning á hundi (nr. 2.15) eða ketti (nr. 2.14) í þjónustugátt Matvælastofnunnar https://umsokn.mast.is/. Þegar umsækjandi hefur sent inn umsókn stofnar móttökuritari mál í málakerfi MAST á nafni umsækjandans, þar sem öll gögn verða vistuð. Málalykill fyrir umsókn 2.15 er 7.2.1 og 7.2.2 fyrir umsókn 2.14.
2. Samþykki umsóknar og beiðni um staðfestingu	Tölvupóstur og reikningur	2. Móttökuritari Markaðsmála fer yfir umsóknina og athugar hvort tegund dýrs sé á lista yfir leyfilegar tegundir til innflutnings. Dýralæknir Markaðsmála getur farið fram á að dýr gangist undir skapgerðarmati ef tilefni þykir til. Ef dýrategundin er samþykkt og eða dýralæknir hefur samþykkt skapgerðarmat, sé þess krafist, sendir móttökuritari á sviði Markaðsmála beiðni um greiðslu eftirlitsgjalds til umsækjandans.
3. Innflutningsleyfi gefið út	Tölvupóstur með gögnunum	3. Móttökuritari á sviði Markaðsmála fær staðfestingu um að greiðsla hafi borist og því næst gefur dýralæknir út undirritað innflutningsleyfi. Móttökuritari sendir leyfið til umsækjanda ásamt eyðublaði "Heilbrigðis- og upprunavottorð vegna innflutnings á hundi/ketti til Íslands" *(Certificate of health and origin for import of a dog/cat to Iceland)* og leiðbeiningum til umsækjanda varðandi innflutninginn og næstu skref.
4.Móttaka heilbirgðis- og upprunavottorðs ásamt fylgiskjölum	Tilkynning um heimilaðan innflutning	4. MAST sendir áminningu til þeirra sem eiga bókað í einangrunarstöðvum að skila gögnum. Innflytjandi sendir afrit af heilbrigðis- og upprunavottorði ásamt niðurstöðum hundaæðismótefnamælinga á petimport@mast.is í síðasta lagi fimm dögum fyrir innflutning. Móttekin gögn eru vistuð í málakerfi MAST. Þegar dýralæknir á sviði Markaðsmála hefur farið yfir gögnin og samþykkt útbýr móttökuritari "Tilkynningu um heimilaðan innflutning hunds/kattar" EBL-026 (vistað á innri vef MAST/Leiðbeiningar) sem dýralæknir hefur stimplað með MST númeri. Tilkynningin er send til innflytjanda, einangrunarstöðvar, tolls, Isavia og flugafgreiðslu og flutningsaðila á Keflavíkurflugvelli. Ef heilbrigðisskjöl uppfylla ekki kröfur eða berast ekki innan tilsetts tíma er innflutningi hafnað.
5. Móttökuskoðun dýrs á flugvelli	Tilkynningarskjöl fyllt út og stimpluð	5. Dýralæknir MAST framkvæmir móttökuskoðun á Keflavíkurflugvelli. Hann fyllir út skoðunarskýrslu við skoðun dýrsins ásamt því að lesa örmerki þess og sannreyna að frumrit vottorða sé í samræmi við afrit sem höfðu verið for-samþykkt . Að lokinni skoðun eru tilkynningareyðublöð (2 samrit) undirrituð, annað er afhent tolli og hitt viðkomandi einangrunarstöð.
6. Útskriftar-skoðun í einangrunar-stöð	Undirrituð skoðunarskýrsla/ útskriftarblað	6. Dýralæknir einangrunarstöðvarinnar gerir skoðunarskýrslu sem afhent er eiganda dýrsins við útskrift að lokinni 14 daga einangrun. Dýralæknir MAST staðfestir útskriftarskoðun á lista sem vistaður er í málakerfi (safnmál).
Endir		